

# Siglingaráð

## 30. fundur

Dags.: 2. september 2021, kl. 11:00 til 13:40 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og fjarfundi.

**Mættir:** Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Rannveig Grétarsdóttir (Samtök ferðapjónustunnar), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu), Rebekka Hilmarsdóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Eyþór H. Ólafsson (SVP), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Arthur Bogason (Landssamband smábátæigenda), Páll Ægir Pétursson (Félag skipstjórnamanna), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Björgólfur H. Ingason (Landhelgisgæsla Íslands), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Kristín Helga Markúsdóttir (Samgöngustofa), Ólafur Ragnarsson (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

**Forföll:** Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Eggert Ólafsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna), Kristín Magnúsdóttir (Hafnasamband Íslands).

**Gestir:** Aron Freyr Jóhannsson lögfræðingur (Samgöngustofa), Ari Guðmundsson ráðgjafi (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti).

### Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
2. Fundargerð 29. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).
3. Skoðunarhringur skipa - Samgöngustofa
4. Kynning AG á reglugerðardrögum fyrir skip umdir 15 m að lengd (send í tölvupósti)
5. Gögn varðandi umsókn um styrk. Strandsýn/Strandvari (send í tölvupósti).
6. Gögn varðandi umsókn um styrk. Hefring-Marine (send í tölvupósti).
7. Gögn varðandi umsókn um styrk. Sea Saver (send í tölvupósti og á pappír).

### Á fundinum gerðist eftirfarandi:

Áp bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

- 1) **Fundargerð 29. fundar samþykkt.**
- 2) **Áætlanir um skoðanahring skipa.** AFG og KHM gerðu grein fyrir verkefninu og óskuðu eftir aðkomu hagsmunaaðila á byrjunarstigi þess. Markmiðið er að koma á stöðluðum fimm ára skoðunarhring skipa þar sem miðað verði við fastákvæðna upphafsdagsetningu „afmælisdag“ skips við skoðanir og útgáfu haffærisskírteinis (þ.m.t. öryggisskírteinis) sem gefin verði út til fimm ára en skipin þurfa þá að standast allar milliskoðanir. Ákveðið var að teymi ráðsmanna kæmi að vinnunni Samgöngustofu til samráðs um leiðir. AB/LS, RG/SAF og GHB/SFS buðu sig fram. Mótaðar tillögur verða síðan kynntar fyrir ráðinu.
- 3) **Reglugerð um öryggi skipa undir 15 metrum að lengd.** AG kynnti verkefnið (sjá framlagt gagn nr. 3) sem felur í sér að einfalda, samræma og auka gagnsæi reglna um með heildstæðri stuttri reglugerð með tilvísunum í sex viðauka sem fjalla um: I. Almenn ákvæði um skoðun og útgáfu skírteina, II. Hönnun og smíði skipa, III. Efni og búnaður, IV. Björgunarbúnaður, V. Fjarskiptabúnaður og VI. Viðbótarkröfur varðandi háhraðafarþegabáta. Flestir viðaukarnir eru byggðir á fyrirliggjandi regluverki en I. viðauki tekur mið af IMO-HSSC og VI. viðauki er nýjung sem tilkomin er vegna tillagna RNSA um reglur til að tryggja öryggi farþega á þessum bátum með mest tólf farþega. AG sagði frá tillögu að 5 ára skoðunarhring sem byggir á IMO-HSSC (Harmonized System of Survey and Certification) þar sem upphafsskoðun fer fram þegar bátur er tekinn í notkun í fyrsta sinn (afmælisdagurinn), síðan eru árlegar skoðanir ásamt öðrum reglubundnum milliskoðunum. Mögulega er hægt að koma á eiginskoðun í ársskoðuninni þar sem staðfest er að hlutirnir séu í lagi. Í lokin kom AG inn á íslenskar sérreglur. Gerð tillaga að því að starfshópur fari yfir og meti þörfina fyrir viðkomandi sérreglur.

#### 4) Styrkir til hugvitsmanna.

- a) **Strandsýn/Strandvari.** Þórarinn Harðarson kynnti verkefnið (sjá framlögð gögn nr. 4). Upplýsti hann um þróun kerfisins síðastliðið ár í samvinnu við sjómenn og er búnaðurinn á lokastigum vöruþróunarinnar fyrir fyrstu útgáfu. Næstu skref snúa að framleiðslunni einkum smíði stálmóta til að steypa boxin, gera prófanir á rafsegulsamhæfni tækisins, uppfæra vefsíðu og hanna minni útgáfu fyrir smábáta.
- b) **Hefring Marine siglingakerfi.** Karl Birgir Björnsson kynnti (sjá framlögð gögn nr. 5). Fram kom að samstarf er komið á við stóra aðila í siglingatækjum Garmin, Simrad og Ray marine varðandi tengingu við þeirra tæki. Framleiðsla verður í Bretlandi. Komið er á samstarf við norsku sjóbjörgunarsamtökin um þróun búnaðarins en hingað til hefur markhópurinn verið skip undir 24 metrum en núna er hugmyndin að þróa tækið áfram fyrir ennþá stærri skip. Fram kom að tækin í skipunum sæki gögn í veðurspár og veðurathuganir auk uppl. Um sjólag/ölduhæð. Mælingar tækisins geta mögulega einnig nýst sem „öldudufli“ og aukið á þekkingu.
- c) **Sea Saver.** Ásta Karen Ágústsdóttir og Ágúst Karlsson kynntu (sjá framlögð gögn nr. 6). Samstarf við HR komst á í fyrra um áframhaldandi þróun björgunartækisins sem stoppaði vegna Covid. Verið er að endurvekja það samstarf og finna nemendur sem hafa áhuga á því sem lokaverkefni. Björgunartækið hefur tekið breytingum í hönnuninni tam verða notaðir lithíum rafgeymar, skrokkur úr trefjaplasti og það knúið áfram með fjórum rafknúnum skrúfum sem einnig eru notaðar til að stýra tækinu.

Eftir kynningar voru umsóknir ræddar. Ráðsmenn voru sammála um að tækin Strandvari og Hefring Marine siglingakerfi auki öryggi skipa talsvert sem forvarnarbúnaður og einnig er Sea Saver áhugaverð hugmynd sem virðist þó til með ýmsu móti annars staðar..

Heildarstyrkupp hæðin er 2,5 mkr og var niðurstaðan leggja til að Strandsýn hljóti styrk að upphæð 1,5 mkr og Hefring Marine 1,0 mkr.

#### 5) Önnur mál.

Ekki gafst tími að taka fyrir önnur mál en eftirfarandi kom fram í fundarlok.

- a) Samkvæmt dagskrá átti að gera grein fyrir stöðu mála varðandi „Safety Folder“ en það náðist ekki. Lagt er til að samið verði við hönnuð kerfisins um þróunarverkefni til a.m.k. þriggja ára þar sem lokið verði sem fyrst við aðlögun kerfisins að íslenskum aðstæðum og kerfið tekið til prófunar í íslenskum skipum. Ef ánægja og áhugi verður meðal sjómanna með þetta kerfi að reynslutíma loknum þá verði annað hvort samið um að hönnuðurinn hafi áfram umsjón með íslenska hluta kerfisins eða að aðili hér á landi taki að sér að þjónusta íslenska hlutann. Til að ljúka undirbúningsvinnu og samningum þarf viðbótar fjárveitingu af öryggisáætlun sé rými til þess m.a. þar sem engir viðburðir hafa verið haldnir á vegum ráðsins.
- b) EHO harmaði að ekki gæfist tími til að ræða endurskoðun reglna um aðskildar siglingaleiðir en málið hefur dregist fullmikið á langinn.
- c) HS sendi erindi í tölvupósti á fundinn og óskaði eftir að gerð verði grein fyrir stöðu mála varðandi endurskoðun á reglugerð 463/1998 EÓ mun gera grein fyrir stöðunni á næsta fundi. Varðandi reglugerð um lyf og læknisáhöld en hún mun verða birt á samráðsgátt á næstu dögum.
- d) Óskað var eftir upplýsingum um ráðstöfun fjármuna í áætlun um öryggi sjófarenda 2021 á næsti fundi.

Næsti fundur verður í nóvember og verður boðaður í tölvupósti.

IV og ÁP rituðu fundargerð.